

Happadrætti á vorþingi 2016


Á 40 ára afmæli DKG á Íslandi bárust okkur nokkrar gjafir. Fyrst skal nefna þessa fallegu skál ([Hadeland Glassverk](#)) sem þær **Anne Marie Solstad** og **Astrid H. Bie Skaaland**, gestir frá norska landsambandinu færðu okkur. Gjöfinni fylgdi sú hugmynd að hana mætti nota sem happadrættisvinning þar sem ágóðanum yrði varið til að styrkja gott málefni.



Þennan fallega engil (Kærleiksgjöf) færði okkur Elínborg Sigurðardóttir í Epsilondeild.



Marianne Skardeus, European Regional Director, færði okkur 40 dollara í peningum og fylgdi gjöfinni sú ósk að peningarnir yrðu notaðir til að styrkja eitthvert gott málefni sem íslenska landsambandið vildi styrkja.



Stjórn landsambandsins hefur því ákveðið að efna til smá happadrættis á vorþinginu þar sem skálin og engillinn (ásamt jafnvel fleiri munum) verða í vinning og er ætlunin að nýta ágóðann ásamt þeim peningum sem Marianne Skardeus færði okkur og styrkja hjálparsamtökin [Vinir Perú](#) sem Dr. Sigrún Klara Hannesdóttir stofnaði. Sigrún bjó í Perú á árunum 1968 til 1971, en eftir ferð þangað fyrir sjö árum stofnaði hún þessi samtök en markmið þeirra er að styrkja fátæk börn í Perú þannig að þau komist í skóla, njóti lestrarkennslu - og hafi bækur til að lesa.

Miðinn í happadrættinu kostar 500 krónur.

